


Skipurit Sýnar tekur breytingum frá og með 1. nóvember. Breytingarnar koma í kjölfar stefnumótunar félagsins og er ætlað að efla samvinnu, auka skilvirkni og styðja við velgengni og vöxt félagsins til framtíðar.

SKIPURIT SÝNAR



Tveir nýir stjórnendur taka sæti í framkvæmdastjórn, þeir Guðmundur H. Björnsson sem mun leiða nýtt svið *Upplifunar viðskiptavina* og Gunnar Sigurjónsson sem mun taka við *Upplýsingatækni* af Gunnari Guðjónssyni. Gunnar Guðjónsson mun stíga inn í nýtt hlutverk framkvæmdastjóra *Sölu og þjónustu*. Auk þess mun Sigurbjörn Eiríksson taka sæti í framkvæmdastjórn en hann hefur veitt *Innviðum* Sýnar forstöðu síðustu ár.

Um breytingarnar segir Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri Sýnar:

„Við erum sérstaklega ánægð að fá Guðmund H. Björnsson og Gunnar Sigurjónsson til liðs við okkur í þau verkefni sem framundan eru. Þeir koma með dýrmæta reynslu og þekkingu sem mun styrkja stjórnendateymi Sýnar. Að sama skapi er reglulega ánægjulegt að fá reynslumikla menn innan félagsins, þá Gunnar Guðjónsson og Sigurbjörn Eiríksson í ný hlutverk þar sem kraftar þeirra og þekking munu njóta sín enn betur. Skipuritið endurspeglar vel áherslur félagsins í þeim verkefnum sem framundan eru og mun hjálpa okkur að ná enn betri árangri í þjónustu við viðskiptavini og styrkja rekstrargrundvöll félagsins til framtíðar.“

Í kjölfar breytinganna er skipulag félagsins sem hér segir:

Lögfræði og regluvarsla – Páll Ásgrímsson

Páll Ásgrímsson er aðallögfræðingur félagsins en undir hann heyra einnig gæða- og öryggismál, aðfangastýring og verkefnastofa. Páll kom til starfa hjá félaginu árið 2014 en

áður var hann einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann er reynslumikill lögmaður á sviði félagaréttar, auk þess að hafa sérhæft sig á sviði fjarskipta-, upplýsingatækni- og samkeppnisréttar. Páll er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaraþáttu í Evrópurétti frá London School of Economics.

Fjármál – Eðvald Ingi Gíslason

Undir Fjármálasvið Sýnar falla uppgjör og reikningsskil, hagdeild, reikningagerð og tekjueftirlit, ásamt gögnum og greiningum. Sviðið sér um alla fjármálaumsýslu, áætlanir, greiningar og viðskiptagreind og gegnir lykilhlutverki í að tryggja arðsemi og vöxt Sýnar.

Eðvald hefur starfað hjá félaginu frá því í vor og kom frá Kviku banka. Hann útskrifaðist með meistaraþáttu í verkfræði með áherslu á hagnýta stærðfræði frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU) í Danmörku árið 2010 en lauk B.Sc. þáttu í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005

Mannauður – Valdís Arnórsdóttir

Mannauður vinnur að heilbrigðri fyrirtækjamenningu, faglegri ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna og tryggir virðisaukandi mannauðsstjórnun innan félagsins. Auk mannauðsþjónustu heyrir eignaumsýsla undir *Mannauð*. Þá er sjálfbærni nýr málaflokkur innan sviðsins.

Valdís Arnórsdóttir leiðir Mannauð en hún hefur áratuga stjórnunarreynslu í mannauðs- og rekstrarmálum. Valdís hóf störf hjá Sýn í byrjun árs 2024 en þaðan kom hún frá Marel þar sem hún starfaði í 12 ár í ýmsum stjórnendastörfum í alþjóða mannauðsteymi félagsins.

Valdís er með Cand. oecon þáttu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Miðlar og efnisveitur – Unnið að ráðningu framkvæmdastjóra

Öll starfsemi miðla Sýnar hefur verið sameinuð að nýju og kallast *Miðlar & efnisveitur*. Sviðið er mikilvægur hlekkur í rekstri Sýnar en þar fer fram öll framleiðsla á dagskrárefni hvort sem er í sjónvarpi, útvarpi og hlaðvarpi. Rekstur fréttastofu heyrir einnig undir *Miðla & efnisveitur* en unnið er eftir skýrri ritstjórnarstefnu og heyrir ritstjóri fréttu beint undir forstjóra.

Upplifun viðskiptavina – Guðmundur H. Björnsson

Guðmundur mun stýra nýju sviði *Upplifunar viðskiptavina* sem ætlað er að auka ánægju og tryggja jákvæða upplifun viðskiptavina í öllum þáttum starfseminnar. Undir sviðið heyra markaðs- og samskiptamál, vörustýring og verðlagning.

Guðmundur er með víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og hefur m.a. leitt teymi í markaðssamskiptum, vöru- og verðstýringu sem og viðskiptaþróun. Guðmundur hefur starfað hjá þjónustufyrirtækjum á borð við Símann, 365 og VÍS. Síðastliðin ár hefur

Guðmundur starfað sem framkvæmdastjóri Heilsu, dótturfyrirtækis Lyfju. Þar á undan starfaði hann sem framkvæmdastjóri stafrænna umbreytinga og markaðsmála hjá Lyfju. Guðmundur er með B.Sc. í alþjóðamarkaðsfræði frá Tækniháskóla Íslands.

„Ég er mjög spenntur að hefja störf hjá Sýn og taka þátt í þróun félagsins á þessum fjölbreytta og lifandi markaði. Hjá Sýn starfar hæfileikaríkt starfsfólk og ég hlakka til að starfa með því og leggja mitt af mörkum í þeirri vegferð sem framundan er.“

Guðmundur mun hefja störf á næstu mánuðum.

Sala og þjónusta – Gunnar Guðjónsson

Í nýju stjórnskipulagi hafa allar tekjueiningar félagsins verið sameinaðar á einu sviði, að undanskilinni heildsölu. Undir *Sölu & þjónustu* fellur öll sala og þjónusta, hvort sem er fyrir einstaklinga (B2C) eða fyrirtæki (B2B). Þar að auki færast auglýsingasala undir sama sviði. Með þessum hætti tryggjum við skýran fókus á bæði sölu og þjónustu við viðskiptavinum og aukum samvinnu milli sölueininga.

Gunnar er einn af stofnendum Endor og nú síðast framkvæmdastjóri upplýsingatækni- og sölusviðs Sýnar. Gunnar hefur viðamikla reynslu í upplýsingatækni, rekstri og þjónustu. Hann var forstjóri Opinna Kerfa frá árinu 2008 til ársins 2015 og þar áður starfaði hann í mismunandi stjórnunarstörfum innan þess félags frá árinu 2000. Gunnar er rekstrarhagfræðingur að mennt með meistaraþátt frá Strathclyde University í Skotlandi.

Innviðir – Sigurbjörn Eiríksson

Innviðir bera ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fjarskiptainnviða Sýnar. Helstu fjarskiptakerfi sem eru í rekstri eru farnets- og fastlínukjarnar auk hliðar- og stoðkerfa fyrir farsíma- og fastlínubjónustur.

Sigurbjörn Eiríksson hefur starfað hjá félaginu í hátt í tuttugu ár, nú síðast sem forstöðumaður innviða Sýnar. Hann býr yfir djúpri þekkingu á félaginu, rekstri fjarskiptakerfa og hefur verið lykilmaður í þeim umbreytingum sem hafa átt sér stað á fjarskiptahlið félagsins síðustu ár. Má þar meðal annars nefna sölu á stofnneti Sýnar til Ljósleiðarans og sölu á farnetsinnviðum.

Upplýsingatækni – Gunnar Sigurjónsson

Gunnar kemur til Sýnar frá Rapyd/Valitor þar sem hann hefur fengist við margvísleg störf á sviði upplýsingatækni og hugbúnaðarþróunar síðustu ellefu ár, nú síðast sem framkvæmdastjóri vörubróunar- og rekstrarsviðs. Á árunum 2009-2013 starfaði hann sem ráðgjafi á upplýsingatækni- og sölusviði Advania, en þar á undan hjá Kögun sem hugbúnaðarsérfræðingur frá árinu 2001. Gunnar lauk MSc. í hugbúnaðarverkefni frá Háskóla Íslands árið 2013 og BSc. í rafmagns- og tölvunarfræði árið 2001 frá sama skóla.

„Ég hlakka til að hefja störf hjá Sýn og að takast á við nýjar áskoranir með frábæru teymi. Ég er þakklátur fyrir það traust sem mér er sýnt og bíð spenntur eftir að kynnast starfseminni betur og að takast á við verkefni í takt við stefnu félagsins. Sýn er öflugt félag sem á heilmikið inni og mun ég leggja mitt af mörkum að efla og styrkja það enn frekar.“

Gunnar mun hefja störf á næstu mánuðum.

Fjárfestatengsl Sýnar veita frekari upplýsingar á netfanginu fjarfestatengsl@syn.is en auk þess verður fjallað um breytingarnar á Markaðsdegi Sýnar þann 14. nóvember sem fer fram í myndveri Sýnar að Suðurlandsbraut 10. Á fundinum munu stjórnendur Sýnar fara yfir breytt skipulag og stefnuáherslur til næstu ára.

[Skráning á Markaðsdaginn fer fram hér.](#) Þau sem ekki hafa tök á að mæta geta fylgst með í beinu streymi á vef Sýnar.